

# HEILSU- OG ÖRYGGISSTEFNA

## ELKEM ÍSLAND

ELKEM ÍSLAND HEFUR ÞÁ SÝN AÐ HÆGT SÉ AÐ FYRIRBYGGJA ÖLL SLYS EÐA FRÁVIK SEM ÓGNAÐ GETA HEILSU OG LÍFI STARFSMANNA OG STEFNIR ÞVÍ AÐ ENGUM SKAÐA.

Við leggjum áherslu á heilsu- og öryggismenningu sem hvetur starfsfólk til þátttöku í vöktun, umbótavinnu og framþróun vinnustaðarins. Við hikum ekki við að fara ótroðnar slóðir til að stuðla að góðum og öruggum vinnustað þar sem starfsfólk er ánægt og líður vel. Við göngum því jafnvel lengra en lágmarksákvæði um vinnuvernd segja til um.

Það er sameiginlegt verkefni stjórnenda og starfsmanna að hvetja til góðra samskipta og koma í veg fyrir einelti og áreitni á vinnustaðnum.

Við viljum skapa góðan og hvetjandi starfsanda þar sem starfsfólk sýni gagnkvæma virðingu í samskiptum sínum. Við metum og viðurkennum að hver starfsmaður er einstakur og virða beri hann fyrir hæfileika sína.

### ÞAÐ ER STEFNA OKKAR

- Að skapa öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsfólk okkar með öflugri öryggisvitund og skipulögðu forvarnastarfi.
- Að draga úr áhættuþáttum á heilsu með aukinni þekkingu, vöktun, stýringu og öðrum lausnum.
- Að hvetja markvisst til jákvæðra samskipta.
- Að meta hvað hefur áhrif á líðan og heilsu á vinnustaðnum með reglubundnum heilsu- og vinnustaðgreiningum sem leiða til umbóta og framþróunar.
- Að sýna hverjum starfsmanni virðingu, bjóða stuðning eða aðlögun við endurkomu til starfa eftir veikindi og slys þegar það á við.
- Að starfsfólk Elkem og aðrir sem vinna fyrir fyrirtækið þekki heilsu- og öryggisstefnuna og séu virkir þátttakendur í að framfylgja henni.
- Að upplýsa starfsfólk, hagsmunaaðila og almenning um heilsu- og öryggisstefnu Elkem og árangur fyrirtækisins í vinnuverndarmálum.

*Alfheiður Ágústsdóttir*

Álfheiður Ágústsdóttir - Forstjóri / Plant manager

Grundartangi 01.01.2022